# *Fjórðungssamband Vestfirðinga*

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/160
komudagur 25.11.2005

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Ísafirði, 24.nóvember 2005

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um láglendisvegi, 9. mál**

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela Vegagerðinni að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhorni landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur undir efni tillögunar. Tillagan lýsir framtíðarsýn flutningsmanna á vegakerfi landsins og er í senn metnaðarfull og kostnaðarsöm. Þess vegna er það mikilvægt að Vegagerðin vinni tillögur sem greini þörfina fyrir samgöngubætur en slíkar tillögur auðvelda stjórnvöldum að taka ákvörðum um forgangsröðun framkvæmda í vegamálum. Þau verkefni sem tiltekin eru í tillögu til þingsályktunar um láglendisvegi, sem eru á starfssvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga, eru í takt við stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum sem samþykkt var af öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum 2004.

F.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
Anna Lára Jónsdóttir

Árnagata 2-4
400 Ísafjörður
Sími: 450 3000
Fax: 450 3005
Kt.: 700573-0799